COSMOS JÓNS GUNNARS Í LISTASAFNI ÍSLANDS

Í LISTASAFNI Íslands verður opnuð sýning í sal 2 á verkinu Cosmos eftir Jón Gunnar Árnason (1931–1989) í dag kl. 11.

Verkið er innsetning fyrir afmarkað rými og var fyrst sýnt á Tvíæringnum í Feneyjum 1982. Cosmos tilheyrir röð verka sem Jón Gunnar hóf að vinna að í Flatey á Breiðafirði á miðjum áttunda áratugnum og tengjast sólarorkunni og aðdráttaraflinu. Í þessum verkum leitaðist Jón Gunnar við að fanga rýmið og orkuflæðið í alheiminum inn í verk sín og notaði til þess bæði spegla og steina. Verkin tengjast hugmyndum Jóns Gunnars um vistfræði og samskipti manns og náttúru í sem víðustu samhengi, auk þess sem framkvæmd og uppsetning verkanna fékk á sig yfirbragð rituáls eða helgiathafnar er helguð var sólinni sem frumuppsprettu lífsins á jörðinni. Hið kunna verk Jóns Gunnars, Sólfar, sem stendur við Skúlagötu, er frá svipuðum tíma og er unnið út frá skyldum hugmyndum og Cosmos. Jón Gunnar var leiðandi myndlistarmaður á því umbrotaskeiði í myndlist sem kennt er við SÚM-hreyfinguna. Hann stundaði myndlistarnám á yngri árum, en vann lengi sem vélvirki og hönnuður allt þar til hann kynntist svissnesk-þýska myndlistarmanninum Dieter Roth í lok sjötta áratugarins. Þau kynni urðu til að vekja með honum varanlegan áhuga á myndlist sem virku afli til mótunar þjóðfélags og vitundar. Jón Gunnar var einn af fjórum stofnendum SÚM-hópsins árið 1965 og gekk fram fyrir skjöldu í róttækri endurskoðun á íslenskri myndlist, bæði með eigin verkum og félagsstörfum. Hann var m.a. einn af stofnendum Myndhöggvarafélagsins, Nýlistasafnsins og norrænna samtaka um umhverfislist.

Í rýmisverkum sínum fór hann inn á nýjar brautir þar sem gengið var út frá verkinu sem stað, þar sem menn upplifa rýmið og gerast þátttakendur. Í verkinu Cosmos er viðfangsefnið hið óendanlega rými og jafnframt aðdráttarafl jarðar.

Verkið er í eigu Listasafns Íslands og var síðast sýnt þar árið 1994 á yfirlitssýningu á verkum hans sem bar yfirskriftina Hugarorka og sólstafir.

Sýningin stendur til 9. apríl.



Jón Gunnar Árnason: Cosmos, 1982.

MARGIR MENN OG EINN

Ég hef verið að vinna með manninn í félagi við aðra og sjálfan sig í fortíð og nútíð, segir Steinunn Þórarinsdóttir sem í dag kl. 16 opnar sýningu í Ásmundarsafni í Laugardal á eigin verkum og völdum verkum eftir meistara Ásmund Sveinsson. Maður um mann nefnir Steinunn sýningu sína. ÞORVARÐUR HJÁLMARSSON brá sér í Laugardalinn.

PORTÚGALSKA skáldið Fernado Pessoa sagði einhverju sinni að menn væru margar raddir í senn á aðeins einu andartaki. Mönnum getur sjálfsagt orðið það á að álykta eitthvað þessu líkt, að allir menn séu margir menn í einum manni. En ef svo er og maðurinn er slíkt ólíkindatól og þarna er gefið til kynna, hvar skyldi þá þetta margraddaða andartak eiga upptök sín? Í framtíðinni eða í fortíðinni, eða jafnvel í hugboðum sem heilinn vinnur úr og raðar saman í það sem við nefnum nútíð – annarsvegar úr efni sem er löngu farið, hinsvegar úr efni – sem ennþá er með öllu ókomið? Ráðgátur af þessu tagi hafa orðið mörgum mönnum tilefni heilabrota en upptökin undarlegu kölluðum við þó sennilega minni.

Allt þetta og eilítið til má rifja upp með sjálfum sér á sýningu sem Steinunn Þórarinsdóttir opnar í dag, laugardaginn 11. mars, í Ásmundarsafni. Þar sýnir hún verk sem hún hefur unnið að undanfarið ár. Þegar Steinunn var að alast upp í Vogunum í Reykjavík fór hún oft í rannsóknarleiðangra inn í Laugardal. Á þeim tíma var Laugardalurinn að mestu ónuminn og óbyggður og því sannkallað ævintýraland uppátækjasömum krökkum. En þarna í dalnum var eitt dulúðugt og skrýtið fyrirbæri, kúluhús umkringt furðuverkum sem voru undarlega seiðmögnuð og full galdurs. Nú mörgum árum síðar snýr Steinunn aftur á þessar fornu slóðir og opnar sýningu í töfrahúsinu á myndverkum sínum. Samhliða sýnir hún sitt eigið úrval á verkum eftir húsráðandann fyrrverandi, Ásmund Sveinsson, höfund allrar þeirrar dulúðar, framandleika og töfra sem heilluðu hana forðum. En er Steinunn ef til vill á æskuslóðum í fleiri en einum skilningi? „Þegar ég var lítil stelpa var dalurinn aðeins tún, engi og skurðir," svarar Steinunn. „Villtur staður og spennandi. Ókunnugt ævintýraland sem gaman var að kanna. Það er ánægjulegt að koma hingað aftur og stórkostlegt að setja verkin upp í safninu. Það er karakter í rýminu og áhugavert að sjá verkin sín á þessum stað. Ég hafði húsnæðið í huga þegar ég vann að verkunum. Hvað varðar val á verkum Ásmundar þá reyndi ég að láta þau ríma við mín. Ég tók mér þetta bessaleyfi. Sum verka minna eru einskonar fjölfeldi eða endurtekningar á sömu fyrirmynd. Hvað verk Ásmundar snertir læt ég þau kallast á með svipuðum hætti, kalla fram einskonar bergmál. Það má segja að þessi hugsun tengist ákveðinni hugmynd um manninn sem ég hef unnið nokkuð mikið með, að menn eru ekki aðeins einn maður heldur margir. Við Ásmundur eigum sameiginlegt uppáhaldsverkefni í listinni; það er maðurinn. Ásmundur sagði einhvern tímann að maðurinn hefði ekki einn svip heldur marga. Ekki eitt andlit, heldur mörg og að maðurinn ætti alltaf að sigrast á hinu ómögulega, en það hefur oftar en ekki verið viðfangsefni „minna manna". Ásmundur sagði líka að andlegur vöxtur mannsins væri ekki án sársauka, en ef til vill væri maðurinn aldrei jafn stór og í baráttu sinni."



Ásmundur Sveinsson

Afhjúpunarleikur

Fyrir framan okkur standa tvær afsteypur af höfði Einars Benediktssonar og horfast í augu. Þær eru nákvæmilega eins, en þó misstórar. Annað höfuðið er mun stærra en hitt. Margir menn og einn eða tveir, gæti maður freistast til að halda?

„Meðan ég vann að sýningunni las ég heilmikið um Ásmund og verk hans," segir Steinunn, „m.a. skemmtilega viðtalsbók hans og Matthíasar Johannessen. Þar segir frá því að Einar hafi sagst vera tveir menn. Ásmundur sagði sjálfur að í sínum huga væri Einar tröll og þess vegna fannst mér þessar styttur ágætar saman. Ásmundur sá í Einari andstæður sem sameinuðust í persónunni og skáldinu Einari Benediktssyni. Í honum var bæði tröllskapur hins stóra og þess góða. Tvö tröll sem aldrei töluðust við en stækkuðu hvort annað. Þetta eru tveir menn andspænis hvor öðrum, merkingin verður önnur."

Við nemum staðar við verk sem Steinunn kallar Horfur. Álútur maður horfir niður á ryðsalla við fætur sér.

„Ryðið er hluti af honum," segir Steinunn. „Hann er úr pottjárni sem er byrjað að ryðga. Þetta er ákveðinn leikur, afhjúpunarleikur. Maðurinn er að umbreytast. Það er þungi í efninu og aldur. Það býr yfir sinni eigin sögu."